

Umsagnir og svör vegna matsáætlunar vegna aukins vikurnáms við Búrfellshólma.

Nr.	Athugasemd	Svar framkvæmdaraðila
1	Fiskistofa, dags 15.3.24	
1.1	<p>„Óljóst er hvort framkvæmdir muni hafa áhrif á lífríki í Þjórsá. Gera þarf betur grein fyrir því hvort og hver hugsanleg áhrif gæti orðið á lífríki og fiskstofna í Þjórsá í mati á umhverfisáhrifum.“</p>	<p>1.1 Fjallað verður nánar um hugsanleg áhrif á vatnalíf og fiskistofna í Þjórsá og Bjarnalæk í umhverfismatskýrslu. Gert verður grein fyrir mögulegri áhættu á mengun vatns vegna framkvæmdarinnar og vægi áhrifa metin m.t.t. lífríkis og fiskistofna. Stuðst verður við fyrirbyggjandi gögn um fiskrannsóknir í Þjórsá og þverám hennar. Leitað verður til Veiðifélags Þjórsár um helstu veiðistaði, veiðitölur og aðrar upplýsingar er varða stangveiði og lífsskilyrði fiskistofns.</p> <p>Samráð verður haft við líffræðing við mat framkvæmdar á vatnalíf og fiskistofna í Þjórsá og Bjarnalæk.</p>
1.2	<p>“Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka,sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr.laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Fiskistofa bendir jafnframt á að vegna kynnta áforma kann að þurfa að taka mið af ákvæðum í lögum um stjórnr vatnamála, nr. 36/2011.“</p>	<p>1.2 Fyrirhuguð afmörkun efnistökusvæðis inniheldur jaðarsvæði við Bjarnalæk og Þjórsá. Gerð verður grein fyrir nákvæmari afmörkun efnistökusvæðis í umhverfismatskýrslu. Framkvæmdaraðili hyggst vera í samráði við Fiskistofu vegna leyfismála verði þörf á því sbr. 33. gr laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.</p>
2	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
2.1	<p>„Um áratugaskeið hefur vikurnám átt sér stað úr vikurnámunum við Búrfellshólma í góðu samtarfi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Árið 2022 runnu út samningar um efnistöku sem leiddi til þess að farið var í nýtt útboð í lok árs 2022. Tveir þjóðendur skiluðu inn tilboðum og var Hólasári ehf með hæsta tilboðið.</p> <p>Í október 2023 var gengið frá samningum við Hólasára um efnistöku til allt að 15 ára og samkvæmt útboðinu er miðað við að árlegt lágmarks magn sem fari úr námunni séu 80.000 rúmmetrar en árlegt hámarks magn séu 300.000 rúmmetrar. Takmarkað magn er eftir í námunni og má gera ráð fyrir að í lok samningstímans verði</p>	<p>2.1 Ekki þörf á svari framkvæmdaraðila.</p>

	<p>náman fullnýtt nýti Hólasamári ehf sér að fullu efnistöku samkvæmt samninginum.</p> <p>Í samninginum eru gerða kröfur á framkvæmdaraðila um vinnslu og frágang námunnar samhliða nýtingu á námunni. Samningurinn er gerður í fullu samráði við Forsætisráðuneytið og sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.</p> <p>Skeiða- og Gnúpverjahreppur gerir engar athugasemdir við matsáætlunina.“</p>	
3	Hafrannsóknastofnun, dags. 4.4.24	
3.1	<p>„Ekkert er fjallað um áhrif á fiska og annað vatnalíf í matsáætluninni og mögulegum áhrifum námuvinnslnnar á vatnalífriki. Við hlið námunnar er Bjarnalækur og þar er urriða að finna. Bjarnalækur rennur til Þjórsár og þar lifir einn stærsti laxastofn landsins. Gera þarf grein fyrir áhrifum vegna vikurnámsins og hættu sem getur stafað af mengun vatns vegna tækja sem unnið er með vegna vikurnámsins.</p>	3.1 Sjá svör við svarliðum 1.1 og 1.2.
4	Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 4.4.24	
4.1	<p>„Fjalla þarf betur um hvernig frágangi verður háttað, líka hvort vinnslan verði áfangaskipt og gengið endanlega frá eftir hvern áfanga, og hvort einhver landgræðsla sé fyrirhuguð.“</p>	4.1 Fjallað verður nánar um frágang á vinnslutíma sem og frágang að framkvæmd lokinni í umhverfismatsskýrslu. Þá verður einnig fjallað um möguleika til mótvægisáðgerða s.s. við frágang og landgræðslu.
4.2	<p>„Gera þarf betur grein fyrir afmörkun vinnslusvæðisins en gera þarf ráð fyrir jaðarsvæði bæði við Bjarnarlæk og Þjórsá.</p>	4.2 Sjá svar framkvæmdaraðila við umsögn Fiskistofu nr. 1.2
4.3	<p>„Skoða þarf hvort það minnki ekki ásýndaráhrif ef jaðarnir eru óraskaðir og halli hafður aflíðandi frá óröskuðu svæði ofan í námubotn.“</p>	4.3 Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um áhrif framkvæmdar á ásýnd og mótvægisáðgerðir lagðar fram þar sem við á.
4.4	<p>„Þótt gróðurlendi sem verði fyrir raski séu ekki metin með hátt verndargildi ætti engu að síður að ræða í umhverfismatsskýrslunni</p>	4.4 Í aðdraganda matsáætlunar var gróðurfar kannað á Hekluhafi, eins og nefnt er í matsáætlun. Gróðurfar var kannað með viðurkenndum aðgerðum og sýndu rannsóknir að gróðurþekja væri að jafnaði mjög lág.

	<i>mótvægisáðgerðir við því tapi á gróðurþekju sem verður s.s. landgræðslu.“</i>	<p>Vistgerðir svæðisins, skv. vistgerðasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands, eru með lágt og miðlungs verndargildi en þar af hefur megin vistgerð svæðisins lágt verndargildi.</p> <p>Í ljósi niðurstaðna, telur framkvæmdaraðili ekki ástæðu til þess að meta áhrif framkvæmdar enn frekar í umhverfismatsskýrslu. Niðurstöðum gróðurfarsúttektar verður þó lýst í umhverfismatsskýrslu.</p> <p>Framkvæmdaraðili bendir jafnframt á svar við svarlið 4.1 en í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um frágang námunnar, m.a. m.t.t. landgræðslu.</p>
4.5	<i>„Tekið er undir ábendingu í umsögn Fiskistofu frá 15. mars 2024 um að það vanti betur umfjöllunum hvort framkvæmdin geti haft áhrif á lífríki Þjórsár.“</i>	4.5 Vísað í svar Fiskistofu nr. 1.1
4.6	<i>„Náttúrufræðistofnun telur að fjalla þurfi um fok frá svæðinu og áhrif á t.d. ásýnd svæðis,gróðurfar í nágrenni og samfélagsleg áhrif.“</i>	4.6 Umfjöllun um fok í umhverfismatsskýrslu verður byggð á fyrri reynslu af efnistöku á svæðinu. Teknar verða ljósmyndir af svæðinu og fjallað um áhrif á ásýnd svæðis í umhverfismatsskýrslu. Þá verður fjallað um áhrif á gróðurfar út frá fyrirbyggjandi gögnum. Fjallað verður um samfélagsleg áhrif s.s. áhrif á atvinnusköpun vegna efnistökkunnar en einnig áhrif á ferðamenn og útivistarfólk.
5	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, dags. 4.4.24	
5.1	<p><i>„Í kafla 4.5.2.3 bls. 29 kemur fram að lagt verði mat á samlegðaráhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar og efnistöku á aðliggjandi svæði. Gera má ráð fyrir að þar sé átt við eldra efnistökusvæðið E33 sunnan við fyrirhugað efnistökusvæði, en austan Þjórsár í Rangárþingi ytra fer einnig umfangsmikið vikurnám.</i></p> <p><i>HSL telur að ástæða sé til að skoða vikurnám austan Þjórsár m.t.t. samlegðaráhrifa framkvæmdanna á landslag og sjónræna þætti, ferðamennsku og útivist sem og vegna foks og hljóðvistar.“</i></p>	<p>5.1 Lagt verður mat á samlegðaráhrif vegna fyrra efnistökusvæði norðan við fyrirhugað efnistökusvæði en gert er ráð fyrir að áframhaldandi efnistaka verði í beinu framhaldi af fyrri efnistöku.</p> <p>Framkvæmdaraðili hyggst leggja mat á samlegðaráhrif vegna vikurnáms sem staðsett er skammt austan landvegar, austan við fyrirhugað efnistökusvæði og Þjórsá. Framkvæmdaraðili kemur til með að styðjast við ljósmyndir sem teknar verða af svæðinu vegna áhrifa á landslag og sjónræna þætti. Þá verður fjallað um samlegðar áhrif m.t.t. ferðamennsku og útivistar sem og foks og hljóðvistar en þar verður stuðst við fyrirbyggjandi gögn.</p>

5.2	<p>„Í kafla 4.5.3.2 bls. 30 kemur fram að ekki er gert ráð fyrir að meta hver möguleg áhrif framkvæmdanna geti orðið á ferðamenn og útivist þar sem efnistaka hefur verið stunduð á svæðinu í áratugi og ekki talið líklegt að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði neikvæðari á þennan umhverfisþátt með áframhaldandi efnisvinnslu.</p> <p>HSL telur hins vegar að ástæða sé til að meta áhrif aukinnar efnisvinnslu á umhverfisþáttinn ferðamennsku og útivist, þar sem fjöldi ferðamanna eykst með ári hverju og í nágrenni framkvæmdasvæðisins er fjöldi gönguleiða og áningarstaða sem draga að sér ferða- og útivistarfólk. „</p>	5.2 Fram kemur í umræddum kafla að umfjöllun um áhrif á ferðamenn og útivist fari fram í kafla um landslag og ásýnd. Gera má ráð fyrir að áhrif á ferðamenn séu einna helst vegna breytinga á ásýnd svæðisins þar sem ekki er um að ræða beint rask á gönguleiðum eða áningarstöðum.
5.3	<p>„Í matsáætluninni kemur fram að efnið úr vikurnámunni verði flutt niður á láglandið þar sem efnið er fullunnið, þ.e. malað, þvegið og harpað. Staðsetning á vinnslunni liggja ekki fyrir en nánar verði fjallað um vinnslu efnis í umhverfismatskýrslu.</p> <p>HSL telur að mikilvægt sé að staðsetning fullvinnslu liggja fyrir sem fyrst í matsferlinu og að gerð verði grein fyrir mögulegum áhrifum og mótvægisáðgerðum vegna fullvinnslunnar í umhverfismatskýrslu, enda er um tengdar framkvæmdir að ræða“</p>	5.3 Gert verður nánar grein fyrir fyrirhugaðri efnisvinnslu í umhverfismatskýrslu, þ.m.t. nánari staðsetning, vinnslutilhögun, möguleg áhrif og mótvægisáðgerðir.
6	Landsvirkjun, dags. 5.4.24	
6.1	<p>„Í matsáætluninni er ekki gert ráð fyrir uppbyggingu nýrra innviða vegna umferðar, heldur er gert ráð fyrir aðnýta núverandi innviði. Landsvirkjun bendir á að þeir innviðir eru mestu í eigu og umsjón</p>	6.1 Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingu Landsvirkjunar (LV) um að ekki hafi verið fjallað um innviði í þeirra eigu og þann rekstur sem þau eru með á svæðinu. Gerð verða betur skil á mögulegum áhrifum á

	<p><i>Landsvirkjunar. Núverandi aðkoma inn á námusvæðið er í gegnum nýtingarsvæði Landsvirkjunar skv. samningi við íslenskaríkið, auk þess sem nýta á mannvirki í eigu Landsvirkjunar til að koma efni til og frá námasvæðinu. Mannvirkin sem um ræðir eru m.a. vegir, brú yfir Bjarnalæk og stjórnlokur yfir Bjarnalón. Stjórnlokur stýratnsmagni inn í Bjarnalón og eru mikilvægur hluti af stjórnkerfi virkjana á svæðinu. Ekki hefur farið fram mat á því hvort eða hversu mikla umferð mannvirkin þola. Gera má ráð fyrir aukinni slyshættu í kjölfar aukinnar umferðar og þar með aukinni hættu á skemmdum á mannvirkjunum. Slík atvik gætu haft áhrif á orkuvinnslu á svæðinu en ekki verður séð að gert sé ráð fyrir því að meta áhrif framkvæmdarinnar á orkuvinnslu og raforkuöryggi í matskýrslunni.“</i></p>	<p>innviði LV vegna umferðar og mögulegum afleiðingum þeirra í umhverfismatsskýrslu. Framkvæmdaraðili leggur áherslu á samráð við hagsmunaaðila svæðisins, þar á meðal Landsvirkjun. Samráð við Landsvirkjun og Skeiða- og Gnúpverjahrepp vegna innviða hefur nú þegar hafist og framkvæmdaraðili leggur áherslu á að finna lausn sem allir gangast að. Gerð verður frekari grein fyrir samráði við hagsmunaaðila í umhverfismatsskýrslu.</p> <p>Framkvæmdaraðili telur ekki þörf á að lagt sé mat á áhrif efnistöku við Búrfell á orkuvinnslu og raforkuöryggi.</p>
6.2	<p><i>„Líkt og fram kemur í matsáætlun var á árum áður námuvinnsla á sama svæði þar sem innviðir Landsvirkjunar voru nýttir við efnisflutninga. Að mati Landsvirkjunar var reynsla af þeim efnisflutningum ekki góð og gefur það fyrirtækinu aukið tilefni til að óska eftir frekari greiningu. Við fyrri efnisflutninga komu t.d. upp vandamál tengd umferð og umferðarhraða um mannvirki fyrirtækisins. Reynt var að setja hraðatakmarkanir sem erfiðlega gekk að framfylgja og hefur Landsvirkjun áhyggjur af umferðarhraða fyrirhugaðra flutninga yfir mannvirkin.</i></p> <p><i>Landsvirkjun bendir enn fremur á að þrátt fyrir að umferð vegna vikurnáms verði áþekkt fyrri námuvinnslu, má gera ráð fyrir auknum umferðarþunga á svæðinu frá fyrri tíð, ekki síst í ljósi uppbyggingar ferðaþjónustu.</i></p> <p><i>Álag á vegum á svæðinu er nú þegar mikið og ljóst að gera þarf endurbætur á þeim ef auka á umferðina, ekki síst til að auka öryggi vegfarenda. Gera má ráð fyrir meiri slyshættu í kjölfar aukinnar umferðar og þar með aukinni hættu á skemmdum á mannvirkjunum, sem gætu haft áhrif á orkuvinnslu á svæðinu.</i></p>	<p>6.2 Líkt og fram kemur í svari í lið 6.1 leggur framkvæmdaraðili áherslu á að hafa samráð við LV í þeim tilgangi að bera kennsl á og greina þau vandamál sem upp hafa komið við fyrri efnisflutninga og draga þannig úr mögulegum áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og efnisflutninga.</p> <p>Ljóst er að LV hefur beina hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd og því rík áhersla á að samráð sé haft við félagið. Þó telur framkvæmdaraðili að málefni líkt og ábyrgð vegna tjóns, burðarþoli mannvirkja og skaðabótaskylda séu atriði sem aðilar þurfa að ræða og komast að niðurstöðu um, utan umhverfismats.</p>

	<p><i>Þá er óljóst hver myndi bera ábyrgð og/eða skaðabótaskyldu vegna tjóns sem gæti orðið. Skýra þarf hvort Landsvirkjun beri ábyrgð á að mannvirki og vegir standist þungaflutninga vegna atvinnurekstrar þrátt fyrir að hönnun hafi ekki tekið mið af slíkri notkun. Auk þess sem álitamál er hvort framkvæmdaraðili bæri ábyrgð gagnvart Landsvirkjun ef til kæmu skemmdir á mannvirkjum eða vegum, með tilheyrandi áhrifum á orkuvinnslu, sem rekja mætti beint til aukinnar umferðar, ógætilegs aksturs eða slysa. Landsvirkjun bendir á að þessi atriði þurfi að skoða frekar í mati á umhverfisáhrifum.“</i></p>	
6.3	<p><i>„Með vísan í ofangreint óskar Landsvirkjun eftir að gerð verði greining á því hvort þörf sé á uppbyggingu nýrra samgönguinnviða. Sú þarfagreining taki mið af umferðarpunga í ljósi vikurnámsins, aukins ferðamannafjölda, núverandi starfsemi Landsvirkjunar og annarra aðila, auk fyrirhugaðrar uppbyggingar á svæðinu. Komi til byggingar nýrra mannvirkja þarf að taka tillit til starfsemi og reksturs Landsvirkjunar á svæðinu.“</i></p>	<p>6.3 Eins og fram kemur í matsáætlun þá gerir framkvæmdaraðili ráð fyrir um 12-13 ferðum á dag, 6 daga vikunnar yfir þá mánuði árs þar sem fært er til aksturs. Áhrif framkvæmdar á umferð verða metin, skoðað verður hvaða akstursleiðir koma til greina og mótvægisaðgerðir lagðar fram, ef þörf er á. Framkvæmdaraðili telur aukinn fjöldi flutningsbíla ekki kalla á greiningu á því hvort þörf sé á uppbyggingu nýrra samgönguinnviða. Jafnframt vísar framkvæmdaraðili í svar við svarlið 6.2 um þörf á frekara samráði við LV til að fyrirbyggja neikvæð áhrif ástarfsemi og innviði félagsins.</p>
6.4	<p><i>„Í matsáætlun er fjallað um umhverfisþætti og fyrirhugaðar áherslur í umhverfismatskýrslu. Landsvirkjun bendir á að í kafla 4.5.3 um umhverfisþáttinn Samfélag og atvinnulíf er ekkert minnst á þá orkuvinnslu sem fyrir er á svæðinu. Landsvirkjun óskar eftir því að í matskýrslunni verði umfjöllun um þennan þátt og metin hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á orkuvinnslu og raforkuöryggi landsins.“</i></p>	<p>6.4 Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar um skort á umfjöllun um starfsemi LV í matsáætlun og þá orkuvinnslu sem er á svæðinu. Í umhverfismatskýrslu verður fjallað um starfsemi félagsins á svæðinu.</p> <p>Ekki verður fjallað sérstaklega um áhrif á orkuvinnslu og raforkuöryggi landsins þar sem framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin sé ekki þess eðlis að hætta sé á beinum eða óbeinum áhrifum á orkuvinnslu og raforkuöryggi landsins.</p>
7	Umhverfisstofnun, dags. 5.4.24	

7.1	<p>„Í matsáætlun er fjallað, auk efnistökuar, um mögulega efnisvinnslu: „Efni er flutt beint frá námunni niður á láglandið þar sem það verður fullunnið og því myndast ekki stór lager af efni. Ekki liggur fyrir frekari staðsetning á vinnslu efnisins en efnið verður mulið, þvegið og harpað í viðeigandi stærðir en nánar verður fjallað um vinnslu efnis í umhverfismatskýrslu“ Einnig er fjallað um í matáætlun um mögulega framleiðslu á sementi í Evrópu: „Sé vikurinnfluttur út til framleiðslu á sementi fylgir því tilheyrandi kolefnislosun.“ Matsspurningar undirloftslag eru: „a) Hvað er áætlað að það dragi mikið úr kolefnislosun við sementsframleiðslu við það að nota vikur í stað sementsklinkers? b) Hvað er áætluð kolefnislosun við það að flytja vikur frá námu til viðskiptavina í Evrópu?“ Umhverfisstofnun bendir á að sementsvinnsla í Evrópu er ekki undir í þessari framkvæmd heldur vikurnám við Búrfell.“</p>	<p>7.1 Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingu Umhverfisstofnunar (UST) og tekur undir með ábendingu þess eðlis að í þessu umhverfismati sé vikurnám við Búrfell til skoðunar en ekki sementsvinnsla í Evrópu.</p> <p>Í umhverfismatskýrslu verða áhrif framkvæmdar á loftslag metin með því að reikna kolefnisspor framkvæmdar m.t.t. efnisvinnslu og flutning efnis.</p>
7.2	<p>„Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að vernd á grónum bökkum Þjórsár og Bjarnarlækjar. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að fjalla nánar um afmörkun vinnslusvæðisins með tillit til árbakkanna.“</p>	<p>7.2 Framkvæmdaraðili vísar í svar við umsögn í lið 1.2 varðandi afmörkun vinnslusvæðis m.t.t. árbakkanna.</p> <p>Framkvæmdaraðili hyggst afmarka svæði nánar m.t.t. árbakka með það í huga að forðast rask á bakkagróðri við árnar sem liggja beggja vegna fyrirhugaðs framkvæmdasvæði. Þá gerir framkvæmdaraðili ráð fyrir að lágmarki 50 m jaðarsvæði milli árbakka og efnistökusvæðis.</p>
7.3	<p>„Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um vatnafar á svæðinu og áhrif framkvæmdarinnar á vatn. Eins og framkvæmdin er lögð fram í matsáætlun mun framkvæmdin ekki hafa áhrif á Þjórsár og Bjarnarlæk. Hins vegar ef framkvæmdin mun hafa áhrif á vatnshlotin þarf að meta áhrif framkvæmdarinnar í samræmi við lög um stjórn vatnamála.“</p>	<p>Fjallað verður nánar um vatnafar á svæðinu í umhverfismatskýrslu. Framkvæmdaraðili metur svo að framkvæmdin komi ekki til með að hafa áhrif á vatnshlotin Þjórsá og Bjarnarlæk þar sem jaðar efnisvinnslunnar verður í öruggri fjarlægð frá árbökkum vatnshlotana og því ekki hættu á beinu raski. Nánar verður fjallað um afmörkun efnistökusvæðisins í umhverfismatskýrslu.</p>

7.4	<p>„Umhverfisstofnun telur að vegna efnistöku af þeirri stærðargráðu sem fyrirhuguð er sé nauðsynlegt að fyrir liggi fastmótaðar hugmyndir um útlit svæðisins og þeirra mannvirkja sem þar verða að efnistöku lokinni, en ekki að loknu matsferli í tengslum við útgáfu framkvæmdaleyfis.“</p>	7.4 Framkvæmdaraðili vísar í svar við umsögn í lið 4.1.
7.5	<p>„Umhverfisstofnun telur mikilvægt að metin séu áhrif framkvæmdarinnar á loftgæði frá umferð. Umhverfisstofnun bendir á að til að fá marktæk gildi fyrir svifryk er ekki nægjanlegt að reikna eingöngu svifryk sem kemur frá útblæstri bíla heldur þarf einnig að felast í útreikningi um svifryk mögulegt ryk frá vegyfirborði. Auk þess vill stofnunin benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist Hreint loft tilframtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029 þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.“</p>	7.5 Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendinguna. Í umhverfismatsskýrslu verða loftgæði frá umferð vegna efnisflutninga og umferðar af völdum framkvæmdarinnar metin m.v. útblástur bíla en einnig verður gerð grein fyrir öðrum mögulegum breytum s.s. mögulegt ryk frá vegyfirborði.
8	Minjastofnun Íslands	
8.1	<p>„Minjastofnun minnir á að í umhverfismatsskýrslu er mikilvægt að sýna útlínur og staðsetningu fornleifa á loftmynd/korti ásamt útlínum fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis til að auðvelt sé að sjá áhrif framkvæmdarinnar á fornleifarnar.“</p>	8.1 Framkvæmdaraðili þakkar fyrir áminninguna og hyggst framfylgja þessum leiðbeiningum.